



Stjórnarráð Íslands  
Dómsmálaráðuneytið

dmr@dmr.is  
545 9000

Borgartúni 26  
105 Reykjavík

stjornarradid.is

Umboðsmaður Alþingis  
Templarasundi 5  
101 Reykjavík

Reykjavík 23. nóvember 2023

Tilv.: DMR21030202/0.14.6

Vísað er til erindis embættis umboðsmanns Alþingis frá 27. október 2021 þar sem ráðuneytinu voru senda skýrslur vegna heimsókna embættisins í fangageymslur lögreglustjórans á Suðurnesjum og varðstofu í Flugstöð Leifs Eiríkssonar. Með bréfi ráðuneytisins frá 10. maí 2022 var fjallað um þau tilmæli og ábendingar sem vörðuðu vistun á landamærum en líkt og bent er á í bréfi umboðsmanns til ráðuneytisins frá 13. janúar 2023 skorti þar á að fjallað væri um viðbrögð vegna skýrslu sem fjallaði um heimsókn í fangageymslur lögreglustjórans á Suðurnesjum.

Í 4. kafla skýrslu umboðsmanns Alþingis er fjallað um inngríp, þvinganir og valdbeitingu. Í undirkafla 4.2. í skýrslunni um líkamsleit er þeim tilmælum beint að dómsmálaráðherra og ríkislöggreglustjóra að taka til skoðunar hvort rétt sé að kveðið í reglum á um fyrirkomulag eftirlits með sakborningi vegna gruns um vörlu fíkniefna innvortis. Að því tilefni er tekið fram að embætti ríkislöggreglustjóra hefur unnið að verklagsreglum fyrir lögreglu um aðbúnað og lágmarksvidmið er varða fangageymslur lögreglu og við þá vinnu hefur verið tekið mið af ábendingum umboðsmanns Alþingis. Samkvæmt upplýsingum frá embætti ríkislöggreglustjóra er vinnan komin nokkuð á veg en verkefnið er unnið í samráði við löggregluembættin og embætti ríkissaksóknaraðherra.

Í kafla 4.2. í skýrslunni er þeirri ábendingu jafnframt komið á framfæri við dómsmálaráðherra að taka til skoðunar hvort tilefni sé til að haga málum þannig að ekki þurfi að flytja einstaklinga sem vistaðir eru í sérútbúnum klefa vegna gruns um innvortis efni í dómþing til úrskurðar um gæsluvarðhald, s.s. með því að notast við fjarfundabúnað. Samkvæmt ákvæði X til bráðabirgða í lögum nr. 88/2008 um meðferð sakamála er nú heimilt að láta slík dómþing fari fram á fjarfundi. Í dómsmálaráðuneytinu er nú unnið að því að þessa heimild verði gerð varanleg og hefur frumvarp þess efnis verið kynnt á samráðsgátt stjórnvalda. Samkvæmt upplýsingum frá embætti löggreglustjórans á Suðurnesjum hefur framangreind heimild verið nýtt þegar um er að ræða einstaklinga með efni innvortis, þegar því hefur verið komið við. Auk framangreinds er rétt að geta þess að lögmenn geta mætt á grundvelli umboðs fyrir hönd skjólstæðinga sinna við fyrirtökur gæsluvarðhalds eða annarra rannsóknaraðgerða á fyrstu stigum máls. Sú heimild hefur meðferð verið nýtt þegar tryggja þarf öryggi viðkomandi einstaklings, til dæmis þegar hætta er á því að pakkningar með efnum opnist innvortis.

Í fimmsta kafla skýrslu umboðsmanns Alþingis er fjallað um aðbúnað í fangageymslu á löggreglustöðinni við Hringbraut. Í kafla 5.1. í skýrslunni um húsnaði og umhverfi er þeim tilmælum beint til dómsmálaráðherra að meta hvort það húsnaði sem nú hýsir löggreglustöðina og fangageymsluna við Hringbraut fullnægi þeim kröfum sem gerðar eru til starfseminnar og umfangs hennar með hliðsjón af þeim athugasemendum sem koma fram koma í kaflanum og eftir atvikum meta til hvaða aðgerða þarf að grípa til að bæta þar úr. Að því tilefni er greint frá því að húsnaði löggreglustjórans á Suðurnesjum við Hringbraut er í umsjón Framkvæmdarsýslu ríkisins en samkvæmt

upplýsingum frá framkvæmdasýslunni er nú unnið að endurbótum á húsnæðinu. Meðal annars standa yfir framkvæmdir á neðri hæð húsnæðisins þar sem fangaklefarnir eru. Þá er einnig til skoðunar hvernig húsnæðismálum löggreglunnar á Suðurnesjum verði hagað til lengri tíma.

Í kafla 5.4. í skýrslunni er þeirri ábendingu komið á framfæri við dómsmálaráðherra og ríkislöggreglustjóra að aðbúnaður í fangageymslu löggreglunnar á Suðurnesjum sé almennt ekki fullnægjandi til vistunar í lengri tíma en einn sólarhring. Samkvæmt upplýsingum frá embætti löggreglustjórans á Suðurnesjum, eru einstaklingar almennt ekki vistaðir nema í stutta stund í fangageymslum löggreglunnar á Suðurnesjum og miðað er við að koma einstaklingum eins fljótt og hægt er í vistun á vegum Fangelsismálastofnunar. Það sé helst í þeim tilvikum þegar einstaklingar eru með efni innvortis að beðið sé með að flytja þá þar til efnin eru komin úr líkama viðkomandi.

Í kafla 8.3. í skýrslunni er þeim tilmælum beint til dómsmálaráðherra að taka fyrirkomulag vistunar einstaklinga vegna innvortis efna til skoðunar með það í huga að tryggja öryggi þeirra, svo sem þannig að slík vistun fari fram undir eftirliti heilbrigðisstarfsmanns og/eða fari fram í nálægð við bráðaþjónustu. Dómsmálaráðuneytið bendir á að í svari löggreglustjórans á Suðurnesjum til umboðsmanns Alþingis kemur fram að fangageymslurnar í Reykjanesbæ eru í aðeins um 600 metra fjarlægð frá Heilbrigðisstofnun Suðurnesja og þangað er einstaklingur fluttur ef talið er að viðkomandi þurfí á heilbrigðisþjónustu að halda. Þá séu þeir sem eru í haldi vegna gruns um innvortis efni undir stöðugu eftirliti löggreglu og kallað er á lækni ef svo ber undir.

Samkvæmt upplýsingum frá embætti ríkislöggreglustjóra hafa ákveðin embætti lögreglu átt í samtalí við heilbrigðisstofnanir um nánari útfærslu heilbrigðisþjónustu í þessum tilvikum. Samkvæmt upplýsingum frá embætti ríkislöggreglustjóra hefur embætti löggreglustjórans á Suðurnesjum meðal annars yfirfarið verklagsreglur vegna handtekinna manna og endurútgefið. Í þeim verklagsreglum er að finna gátlista um það hvenær skuli óskað eftir lækni í fangageymslur vegna handtekinna manna.

Verulega hefur dregist að svara erindi umboðsmanns og er beðist velvirðingar á því.

Fyrir hönd ráðherra

  
Bryndís Helgadóttir

  
Þorvaldur Heiðar Þorsteinsson